

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS

8. fundur – 8. febrúar 1999

Fundargerð

Fundur haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 8. febrúar n. k. kl. 17:15 á bæjarskrifstofum Garðabæjar, 3. hæð (innri salur).

Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra og Sigurborgar Daðadóttur, skrifstofustjóra og Páls Stefánssonar heilbrigðisfulltrúa.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 7. fundar heilbrigðisnefndar.

Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerðina.

2. Úrgangsmál.

2.1 Yfirlit yfir förgun og meðferð úrgangsefna sbr. ákvæði 49. gr. mengunarvarnareglugerðar.

Kynnt var vinna við skýrslu um förgun og meðferð úrgangsefna samkvæmt nýlegri breytingu á mengunarvarnareglugerð ber heilbrigðisnefnd að skila slíkri skýrslu til Hollustuverndar ríkisins annað hvert ár. Samþykkt var að vinna þessa skýrslu í samvinnu við aðrar heilbrigðisnefndir á höfuðborgarsvæðinu.

2.2 Könnun á samsetningu á heimilisúrgangi.

Rætt um hugsanlegt samstarfsverkefni um að taka saman fyrirliggjandi gögn um samsetningu heimilisúrgangs á höfuðborgarsvæðinu og að gera viðbótar könnun ef með þarf. Samþykkt að taka þátt í verkefninu ef að því verður.

2.3 Áramótabrennur.

Lögð fram fyrirspurn Hollustuverndar ríkisins frá 12.1.1999 varðandi brennur á svæðinu um síðast liðin áramót og á þrettándanum og svar við erindinu.

2.4 Tillaga að samþykkt um sorphirðu í Garðabæ

Lagt fram bréf bæjarritara Garðabæjar frá 10. september s. l. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að samþykkt um sorphirðu í Garðabæ.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

"Heilbrigðisnefnd getur fyrir sitt leyti fallist á fyrirliggjandi drög að samþykkt um sorphirðu í Garðabæ. Þó telur nefndin að hreinsun á 14 daga fresti sé algjört hámark meðan markvissari flokkun hefur ekki farið fram. Nefndin hvetur til þess að íbúum bæjarfélagsins verði auðveldað eins og kostur er og þeir hvattir til að koma frá sér flokkuðum úrgangi í endurvinnslu og/eða grenndarstöðvar."

3. Álverið í Straumsvík.

Fundargerð samráðsfundar Íslenska álfélagsins hf, Hollustuverndar ríkisins, og heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, frá 25. nóvember 1998 lögð fram.

4. Meðferð á olíumenguðum jarðvegi.

Kynntar leiðbeiningar Hollustuverndar ríkisins um meðferð á olíumenguðum jarðvegi frá desember 1998. Fjallað var um nauðsyn þess að hægt yrði að grípa fljótt til markvissra aðgerða ef vart yrði olíumengunar.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

"Heilbrigðisnefnd fagnar útkomu leiðbeiningaritsins og felur heilbrigðisfulltrúa að kynna efnið fyrir lögreglu, slökkviliði og viðkomandi stofnunum sveitarfélaganna.

Þá beinir nefndin því til stjórnar sveitarfélaga á starfssvæði nefndarinnar að þær tryggji aðgang að góðri og vel útbúinni aðstöðu til að taka á móti olíumenguðum jarðvegi. Aðstöðuleysi má ekki koma í veg fyrir að gripið verði til réttar aðgerða verði olíuslys eða olíumengun uppgötvast. Hægt er að sjá fyrir sér að sveitarfélögin feli byggðasamlaginu Sorpu að sjá um þennan þátt."

5. Eftirlit með starfsemi sem Hollustuvernd ríkisins veitir starfsleyfi fyrir.

Rætt um eftirlit með mengandi starfsemi í umdæminu sem Hollustuvernd ríkisins sinnir samkvæmt ákvæðum mengunarvarnareglugerðar.

Framkvæmdastjóra falið að fara í viðræður við Hollustuvernd ríkisins um yfirtök þess eftirlits.

6. Leiðbeiningar fyrir starfsemi sem valdið getur mengun.

6.1 Almenn skilyrði fyrir veitingu starfsleyfa og viðmiðun um gildistíma.

Tillögur að nýjum viðmiðunarreglum um gildistíma starfsleyfa og að almennum skilyrðum fyrir veitingu starfsleyfa lagðar fram.

Afgreiðslu frestað.

6.2 Sértek skilyrði fyrir veitingu starfsleyfa.

Starfsreglur fyrir bifreiðasprautun, réttingaverkstæði, málmsmíði, vélsmíðjur, bifreiðaverkstæði og fiskvinnslu lagðar fram.

Afgreiðslu frestað.

7. Starfsleyfi vegna - mengunarvarna.

Listi lagður fram yfir 20 fyrirtæki sem auglýsa þarf vegna veitingu starfsleyfa.

Afgreiðslu frestað.

8. Umsagnir.

8.1 Nýbýlavegur 24 - Mecca Spa.

Lagt fram bréf bæjarlögmanns Kópavogsbæjar dags. 20.01.1999, þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar vegna umsóknar Mecca Spa, Nýbýlavegi 24, Kópavogi, um vínveitingaleyfi.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn um erindið.

9. Önnur mál.

Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið 19:45.

Árni Sveinsson

Sigrún Ingólfssdóttir

Sigurgeir Ólafsson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Katrín Gunnarsdóttir

Sigurlaug Sigurðardóttir